

Fundargerð stjórnar SOS nr. 296

Staður: Fundarsalur PWC að Austurvegi 56, Selfossi

Dagsetning og tími: 22. september 2020 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Helgi S. Haraldsson (HLH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK), Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason (SG) frá Environice og Bjarni Guðmundsson frá SASS.

1. Aðalfundur SOS 29. október nk.

Bjarni Guðmundsson, SASS, mætti á fundinn. Stefnt er að SASS þingi 29-30. október á Hellu. Drög að dagskrá aðalfundar SOS lögð fram ásamt drögum að fjárhagsáætlun SOS 2021 og öðrum fundargögnum. Dagskrá og önnur aðalfundargögn samþykkt í samræmi við umræður á fundinum.

2. Samráðsvettvangur vegna endurskoðunar á svæðisáætlun

Lagðar voru fram fundargerðir samráðsvettvangsins frá 30. júní og 16. september sl. og fór formaður yfir þau verkefni sem verið væri að vinna að á þessum vettvangi.

3. Aðgerðaráætlun fyrir SOS vegna svæðisáætlunar

Formaður fór yfir drög að Suðurlandskafla aðgerðaráætlunar fyrir endurskoðun á sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðvesturhornið 2021-2032.

Samþykkt var að fyrirbyggjandi drög að aðgerðaráætlun SOS verði send aðildarsveitarfélögum til kynningar, umræðu og kallað eftir athugasemdum. Í kjölfar þess, í nóvembermánuði n.k., verði haldinn samráðsfundur með fulltrúum sveitarfélaganna um áætlunina.

4. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán Gíslason mætir á fundinn og gerir grein fyrir stöðu mála.

a) Staða á móttöku úrgangs.

Sorphirðufyrirtækin tvö segja að staða mála sé góð og vel gangi. Fíflholt er lokað en Stekkjarvík að einhverju opin enn. Útflutningur á sorpi gengur mjög vel.

b) Undanþágubeiðni vegna lífræns úrgangs

Starfsleyfi er í vinnslu.

b) Dýrahæ/kaup á ofni.

Myndað hefur verið rýnihópur á vegum SOS og Sorpstöðvar Rangárvallarsýslu sem vinnur nú frekari gögn fyrir verkefnið. Unnið er að því að vinna úr framkomnum hugmyndum og aðlaga þær að þörfum.

Stjórn samþykkir að næsti fundur stjórnar verði haldinn á Stracta hótél, Hellu, klukkan 19:30 þann 28. október n.k., í tengslum við SASS þing.

Fundi slitið klukkan 16:40